

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um innflutning á svinum. 113
29. des.

Stjórnarráðið hefir frá forstöðumanni hvalveiðastöðvarinnar í Tálknafirði, Olaf Fostenes, borist beiðni um, að honum verði leyft að flytja 12 grísi frá útlöndum til hvalveiðastöðvarinnar. Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að grísirnir verði fluttir hingað til lands beint frá Noregi án þess að koma í land í öðrum löndum á leiðinni.
2. Að þeim fylgi vottorð lögskipaðs dýralæknis í Noregi um það, að þeir hafi verið fyllilega heilbrigðir, er þeim var skipað þar út, og að þeir hafi ekki síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klovesyge«, »Ródsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis, og
3. Að þeir sju fluttir með skipi, sem fyrst kemur til Reykjavíkur, og verði skoðaðir þar um borð í skipinu af dýralækni og hann finni ekkert að athuga við heilbrigði þeirra.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið, til leiðbeiningar, að því viðbættu, að Olaf Fostenes hefir hjeðan verið tilkynt leyfi þetta.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um ávísanir, sem eiga að ganga til greiðslu á landssjóðstekjum. 114
30. des.

Þrátt fyrir fyrirmæli stjórnarráðsins í brjefi 20. maí 1904 (Stj.tíð. 1904, B. bls. 111) hefir það í seinni tíð iðulega komið fyrir, að hingað hafa verið sendar ávísanir fyrir landssjóðstekjum, sjerstaklega tollgjöldum, sem neitað hefir verið að innleysa. Stjórnarráðið finnur því ástæðu til að brýna það fyrir yður, herra sýslumaður, enn á ný, að yður er óheimilt að taka við ávísunum, sem eiga að ganga til greiðslu á landssjóðstekjum, nema því að eins að þjer hafið fulla vissu fyrir því, að ávísunin verði greidd og að greiðandi sje tryggur borgunarmaður, en slíka fulla vissu telur stjórnarráðið eigi vera fyrir hendi nema fyrir liggi skrifleg yfirlýsing frá greiðanda um, að hann muni innleysa þær ávísanir, er ákveðinn útgefandi kann að stíla á hann.